

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag.

Deiliskipulag fyrir reiðhöll á Lambatanga á Flúðum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 4,4 ha svæði á Lambatanga fyrir reiðhöll, athafnasvæði, bílastæð, tveimur skeiðvöllum og skeiðbraut. Heimilt verður að reisa allt að 2000 m² reiðhöll með allt að 12 m mænishæð.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.